

REGLUGERÐ

um mjólk og mjólkurvörur.

I. KAFLI

Skýringar á hugtökum.

1. gr.

- 1.1. Með orðunum mjólk eða nýmjólk, er í reglugerð þessari átt við kúamjólk, sem höfð er á boðstólum og ætluð er til manneldis. Í henni eiga að vera öll þau efni, sem eru í náttúrlegri kúamjólk í eðlilegum hlutföllum. Engu má í hana bæta og ekkert úr henni taka, nema þess sé getið greinilega á umbúðum, enda brjóti það ekki í bága við ákvæði annarra matvælaireglugerða.

- 1.2. Í nýmjólk skal vera minnst 3.0% mjólkurfita.

2. gr.

- 2.1. Geldmjólk nefnist mjólk úr kúm, sem eru að verða geldar og mjólka minna en 1 lítra á dag; enn fremur mjólk, sem mjólkuð kann að vera síðustu dagana fyrir burð.
- 2.2. Broddmjólk nefnist mjólkinn fyrstu sólarhringana eftir burð. Hún hleypur við upphitun, án þess að frá henni skiljist til muna mjólkurvatn (serum).

3. gr.

- 3.1. Með orðinu mjólkurvara (mjólkurneysluvara) er átt við hverja þá matvöru, sem unnin er úr mjólk eða er afgangur við mjólkurvinnslu (t. d. undanrenna, áfir).

4. gr.

- 4.1. Gerilsneyðing er hitun mjólkur eða mjólkurvöru í þeim tilgangi að deyða flesta algengustu gerla, sem eru í mjólk.
- 4.2. Gerilsneyðing skal framkvæmd í gerilsneyðingartækjum viðurkenndum af Heilbrigðiseftirliti ríkisins eftir alþjóðlega viðurkenndum aðferðum, sem eru:
- a. Hitun upp í 62—65 stig C° í 30 mínútur.
 - b. Hitun upp í 72—78 stig C° í 15—20 sekúndur.
 - c. Hitun upp í minnst 81 stig C°.
 - d. Hraðhitun með gufu yfir suðumark (U. H. T.-mjólk — “ultra high temperature”).
 - e. Ef beita á öðrum aðferðum, skal leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins til þess hverju sinni.

5. gr.

- 5.1. Gerilsneydd mjólk er mjólk, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæði a. eða b. í 4. gr. þessa kafla.

6. gr.

- 6.1. Rjómi er unninn úr nýmjólk. Í honum skal vera minnst 9% mjólkurfita, og skal fitumagn tilgreint á umbúðum.

7. gr.

- 7.1. Gerilsneyddur rjómi er rjómi, sem hitaður hefur verið samkvæmt ákvæði c. í 4. grein.

8. gr.

- 8.1. Undanrenna er sá hluti mjólkur, sem eftir verður, þegar rjóminn hefur verið skilinn frá henni.

9. gr.

- 9.1. Gerilsneydd undanrenna er undanrenna, sem hituð hefur verið samkvæmt ákvæðum b. eða c. liðar 4. greinar.

10. gr.

- 10.1. Áfir er vökvi, sem eftir verður, þegar smjör er unnið úr rjóma. Í áfum skal vera minnst 8% þurrefni.

11. gr.

- 11.1. Dauðhreinsun er hitun yfir suðumark (undir þrýstingi), þar til dauðir eru allir gerlar og gró í vörunni.
- 11.2. Dauðhreinsuð mjólk og rjómi skulu soðin í lokuðum ílátum (loftþéttum), þannig að fullnægt sé þeim kröfum, sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um niðursoðnar matvörur.

12. gr.

- 12.1. Sýrð mjólk (súrmjólk) er mjólk, sem sýrð hefur verið með viðurkenndum hreinræktuðum mjólkursýrugerlum. Mjólkinn skal gerilsneydd, áður en hún er sýrð.
- 12.2. Jógúrt og kefir eru súrmjólkurtegundir, sem sýrðar hafa verið og/eða gerjaðar með viðurkenndum, hreinræktuðum sýrgerlum og gersveppum. Mjólkina skal gerilsneyða áður.
- 12.3. Heimilt er, ef þörf krefur að framleiða jógúrt að hluta úr undanrennudufti og sýrða mjólk að hluta úr samsettri mjólk, sbr. 17. gr. enda breyti það hvorki gæðum né bragði vörunnar.
- 12.4. Í jógúrt og sýrðri mjólk skal vera minnst 3% af mjólkurfitu.
- 12.5. Sýrður rjómi er rjómi, sem sýrður er á sama hátt og mjólk og skal innihalda minnst 9% af mjólkurfitu.
- 12.6. Lágmarks mjólkurfitu skal getið á umbúðum.

13. gr.

- 13.1. Seydd mjólk (niðursoðin mjólk, dósamjólk) er mjólk, sem nokkur hluti vatnsinnihaldsins hefur verið eimaður úr. Í þessa mjólk má blanda hreinum hvítum neyslusykri (saccharose).
- 13.2. Í seyddri mjólk, ósykraðri, skal vera minnst 7.5% mjólkurfita og minnst 25% mjólkurþurrefni.
- 13.3. Í seyddri mjólk, sykraðri skal vera minnst 8% mjólkurfita og minnst 28% mjólkurþurrefni.
- 13.4. Í seyddri mjólk má ekki vera meira en 27% af vatni.

14. gr.

- 14.1. Nýmjólkurduft er framleitt úr mjólk, sem þurrkuð er í tækjum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.
- 14.2. Í nýmjólkurdufti á að vera minnst 25% mjólkurfita miðað við þurrefni og ekki meira en 5% vatn.

15. gr.

- 15.1. Undanrennuduft er framleitt úr undanrennu, sem þurrkuð er í tækjum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

15.2. Í undanrennudufti skal ekki vera meira en 5% vatn og ekki meira en 1.5% mjólkurfita.

16. gr.

16.1. Fitusprengr mjólk er mjólk, sem fitukúlurnar hafa verið sprengdar í með tækjum, er Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

16.2. Hómogéniseruð mjólk er þannig fitusprengr, að ekki er sýnilegt að rjómi setjist á yfirborðið né innan á vegg umbúða við stöðu og geymslu í 48 klst. við 5 stiga hita C°.

16.3. Mjólk, sem hefur verið fitusprengr, skal vera greinilega auðkennd sem slík.

17. gr.

17.1. Samsett mjólk er gerð úr nýmjólkurdufti eða undanrennudufti, smjöri og hreinu vatni.

17.2. Samsett mjólk skal innihalda minnst 3.5% mjólkurfitu og 9.5% fitusnautt mjólkurþurrefni.

17.3. Samsetta mjólk er óheimilt að selja sem venjulega mjólk.

18. gr.

18.1. Breytt mjólk er gerilsneydd, fitusprengr nýmjólk, sem í er blandað samsettri mjólk, allt að 25% heildarmagns.

18.2. Breytt mjólk skal því aðeins seld, að skortur sé á nýmjólk, enda séu umbúðir hennar sérstaklega auðkenndar og leitað heimildar fyrir sölu hennar til Heilbrigðiseftirlits ríkisins hverju sinni.

19. gr.

19.1. Skyr er sýrð mjólkurvara, unnin úr undanrennu eða undanrennudufti með sérstakri aðferð (hleypingu).

19.2. Skyr skal vera mjúkt og jafnt að gerð með ísúru bragði og laust við kekki og korn.

19.3. Í skyri skal vera minnst 16% þurrefni.

20. gr.

20.1. Í kakómjólk skal vera minnst 2% af mjólkurfitu, 1.5% af kakói og 5% af sykri.

21. gr.

21.1. Sé bragðefnum bætt í mjólkurvöru, skal þess getið á umbúðum. Bragðefnin verða að vera viðurkennd af Heilbrigðiseftirliti ríkisins, en er sett hefur verið reglugerð um viðbótarefni í mat, skal farið eftir ákvæðum hennar.

22. gr.

22.1. Mýsa er vökvi, sem eftir verður við osta- og skyrgerð.

23. gr.

23.1. Smjör skal unnið úr gerilsneyddum rjóma, sem hitaður hefur verið í minnst 90 stig C° og síðan kældur.

23.2. Smjör skal innihalda að minnsta kosti 80% mjólkurfitu og mest 2% fitusnautt mjólkurþurrefni og vatnsinnihald má vera allt að 16%.

23.2. Í smjör má engu bæta nema hreinu matarsalti. Heimilt er þó að bæta í smjör litarefni, sem viðurkennt er af Heilbrigðisráðuneytinu og fer um merkingu þess eftir matvælalögum og reglum, sem í gildi eru hverju sinni. Þá er og heimilt að framleiða sýrt smjör.

- 23.4. Allt smjör, sem unnið er í viðurkenndum mjólkurstöðvum, skal selt í tveim gæðaflokkum, 1. og 2. flokki, og sett á markað með tilsvarendi auðkenningu á umbúðum. Mjólkursamlög og sölufélög þeirra geta þó auðkennt 1. flokks smjör með sérstöku skrásettu merki.

24. gr.

- 24.1. Ostar eru mjólkurvara og skipast í tvær aðaltegundir, mjólkurosta og mysu-osta.
- 24.2. Mjólkurostar eru framleiddir með því að skilja mysu frá ostefninu. Þeir skiptast í fjóra aðalflokka eftir mjólkurfitu- og þurrefnisinnihaldi:
1. Feitur ostur með minnst 45% mjólkurfitu í þurrefni.
 2. Hálffeitur ostur með minnst 30% mjólkurfitu í þurrefni.
 3. Kvartfeitur ostur með minnst 20% mjólkurfitu í þurrefni.
 4. Magur ostur með minna en 20% mjólkurfitu í þurrefni.
- 24.3. Mysuostar eru framleiddir við að fjarlægja mikinn hluta vatnsins úr mysunni. Þeir skiptast í fjóra aðalflokka:
1. Mysuostur með minna en 20% mjólkurfitu í þurrefni.
 2. Rjómamysuostur með minnst 33% mjólkurfitu í þurrefni.
 3. Mysingur með minna en 20% mjólkurfitu í þurrefni.
 4. Rjómamysingur með minnst 33% mjólkurfitu í þurrefni. Mysingur og rjóma-mysingur eru það linir, að þeir eru smyrjanlegir.
- 24.4. Bræddir ostar eru gerðir úr mjólkurosti. Í þá má bæta ýmsum viðurkenndum viðbótarefnum og bragðefnum, í samræmi við lög og reglur, sem um það gilda hverju sinni. Smurostur er það mjúkur, að hann er smyrjanlegur. Steyptur ostur er fastari.
- 24.5. Ostefni mjólkur (kasein) er unnið úr undanrennu með sérstakri aðferð. Ostefni skal innihalda minna en 12% vatn og minna en 1.5% mjólkurfitu.
- 24.6. Landbúnaðarráðuneytið getur skrásett sérstök heiti á ostum og veitt heimild til að sérstakar ostategundir hafi annað fitumagn en hér að framan greinir. Á allan ost skal skrá fituinnihald eða fitumagn í þurrefni.

25. gr.

- 25.1. Mjólkurís og rjómais skal gerður úr geriðsneyddri mjólk eða rjóma, eða úr gallalausum 1. flokks smjöri, mjólkur- eða undanrennudufti og viðurkenndum viðbótarefnum.
- 25.2. Léttis (sherbet) skal gerður úr mjólk eða rjóma auk vatns, sykurs og ávaxta-safa.
- 25.3. Mjólkurís á að innihalda minnst 3% mjólkurfitu og 27% þurrefni.
Rjómais á að innihalda minnst 9% mjólkurfitu og 27% þurrefni.
Léttis á að innihalda minna en 3% mjólkurfitu.
- 25.4. Í lítri af rjómais og mjólkurís má ekki vega minna en 500 g.
- 25.5. Gæta ber enn fremur ákvæða annarra laga og reglugerða, sem í gildi eru og sett kunna að verða, um efnainnihald, framleiðslu og sölu hvers konar ístegunda.

II. KAFLI

Reglur um aðstöðu við framleiðslu og meðferð mjólkur í fjósi.

26. gr.

- 26.1. Á heimilum, sem framleiða neyslumjólk til sölu, má ekki dvelja fólk með næmar sóttir svo sem berklaveiki, taugaveiki (smíðberar), taugaveikibróður (salmonellasýki), næma lifrabólgu (gulusótt), bráðalömunarveiki, skarlat-

sótt og illkynjaða hálsbólgu eða aðra tilsvarendi næma sjúkdóma.

- 26.2. Mjaltafólk má ekki vinna við mjólk, mjaltir né mjaltatæki, ef það er með illkynjaða hálsbólgu, blóðsótt (dysenteria), matareitrun eða aðra næma þarmakvilla, slæma húðkvilla eða ígerðir og opin sár á höndum og handleggjum.
- 26.3. Börn nýbólusett við kúabólu mega ekki koma í fjós á meðan þau hafa bóluna, og mjaltafólk verður að gæta þess vel að snerta ekki bóluna.
- 26.4. Á heimilum mjólkurframleiðanda skulu vera góð skilyrði til þrífnaðar og hreinleg umgengni í hvívetna. Þar skulu vera vel þriffin salerni, er nothæf séu vetur sem sumar og greið aðgöngu.

27. gr.

- 27.1. Fjós, þar sem framleidd er mjólk, skulu vera björt og rúmgóð og vel séð fyrir loftendurnýjun.

Í nýjum fjósum skal ætla hverjum fullvöxnum nautgrip eigi minna rými en 15 rúmmetra, enda sé eigi reiknað með lofthæð yfir 3 metra.

Gluggar skulu vera opnanlegir eða annar fullnægjandi loftræstibúnaður.

- 27.2. Gólf, veggir og loft skulu vera úr steinsteypu eða öðru álíka traustu efni með sléttu yfirborði, sem auðvelt er að hreinsa, mála eða kalka.
- 27.3. Flórinn má ýmist vera úr steinsteypu, vatnspéttur með góðu afrennsli og vatnslás, eða rimlaflór, þ. e. rimlagólf yfir djúpflór eða haughúsi.
- 27.4. Hreinlegt vatnssalerni ásamt nauðsynlegum snyrtitækjum skal vera í nýjum fjósum, aðgengilegt fyrir starfsfólk fjóssins, þó skal ekki vera beint samband á milli salernis og fjóss um dyr eða glugga.
- 27.5. Óheimilt er að nota fjósið sem salerni.

28. gr.

- 28.1. Vatn, sem notað er til drykkjar handa kúm eða til þrífnaðar við fjósverk, t. d. jógurþvott, handþvott og upphvott á mjólkurilátum og -áhöldum, skal vera hreint og ómengað sbr. Heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972 III. kafla.
- 28.2. Fjósum skal haldið vel hreinum. Fjós skulu mokuð og þriffin kvölds og morgna, en veggir og loft skal hreinsa með þvotti 2—3svar á ári, eða oftár ef þurfa þykir og mála eða kalka eftir þörfum.
- 28.3. Fjósverkum skal þannig hagað, að ekki berist í mjólkina óþefur, ryk, reykur eða önnur óhreinindi, og skal því gjöfum og flórmökstri lokið stundafjórðungi áður en mjaltir hefjast.
- 28.4. Við hreinsun kúa og fjósa má ekki nota svo lyktarsterk efni, að mjólkin geti mengast af þeim.
- 28.5. Í fjósum má ekki hafa önnur húsdýr en nautgripi, nema þau séu vel aðskilin frá þeim. Þó má ekki hafa þar alifugla, svín né hunda.
- 28.6. Fjós skulu varin flugum, rottum og músun. Í fjósum má ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru við fjósverkin.

29. gr.

- 29.1. Mjólkurkúm skal haldið vel hreinum. Kýr skulu klipptar einu sinni til tvisvar á ári, a. m. k. jógur og afturhluti, og burstaðar daglega og þvegnar ef með þarf.

30. gr.

- 30.1. Mjaltafólk skal vera yst klæða í hreinum mjaltafötum og bert upp að olnboga. Það skal þvo sér vandlega um hendur og handleggi fyrir mjaltir og meðan á mjöltum stendur, ef með þarf.
- 30.2. Áður en kýr er mjólkuð, skal þvo jógrið og umhverfis það vandlega úr volgu, sótthreinsandi vatni, (t. d. klórvatni 0.5—1%) og þurrka það vandlega á eftir með bréþurrkum eða hreinum þvottaklúti. Skipta skal um þvottavatn og

- þvottaklút svo oft sem þurfa þykir, en þó aldrei sjaldnar en eftir þvott á 6—8 júgrum. Þvottaklúta skal hreinsa og sjóða á milli mjalta.
- 30.3. Fyrstu mjólkurbunum má hvorki mjólka saman við mjólkina né niður á básinn, heldur skal mjólka hana í hreytibolla, sem gerður er í þeim tilgangi, og er það um leið mjólkurskoðun.
- 30.4. Mjólka skal með þurrum, hreinum höndum eða með mjaltavélum, sem fyrst eftir hreinsun jógurs og spena.
- 30.5. Eftir mjaltir skulu spenar hreinsaðir og smurðir úr sótthreinsandi feiti eða spenaíðýfu, sem gerðar eru til slíkra nota.

31. gr.

- 31.1. Kýr, sem eru með jógursjúkdóma, sem spillt geta mjólkinni og gert hana strimlaða, vatnspunna, slímuga, graftarmengaða, blóðlitaða eða valdið óeðli-
legum lit, lykt eða bragði (t. d. saltbragði) skal mjólka sér og á eftir jógur-
hraustum kúm og eyðileggja mjólkina.
- 31.2. Broddmjólk og geldmjólk má ekki blanda saman við nýmjólk og ef mjalta-
vélar eru notaðar, skal mjólka slíkar kýr á eftir mjöltun annarra kúa.

32. gr.

- 32.1. Bannað er að sía og kæla mjólk í fjósi.
- 32.2. Að lokinni mjöltun hveggar kýr, skal nyt hennar flutt strax í mjólkurhús eða annað viðurkennt rými og kæld strax á fullnægjandi hátt, þ. e. í 8°C eða lægra í vatnskæli og 3°C eða lægra í rafkældum mjólkurgeymi, sbr. gr. 41.
- Sé mjólk síuð, skal nota góð sigti með dauðhreinsuðum bómullarbotni, sem skipta á um eftir hverjar mjaltir og oftar eftir þörfum.
- 32.3. Vatnskæld mjólk má ekki hitna á ný upp fyrir áðurgreind mörk, áður en hún er tekin til flutnings. Ekki má hella saman volgri og kaldri mjólk í brúsum.
- 32.4. Við mjaltir, kælingu, geymslu og flutning skal verja mjólkina eins og fært er fyrir flugum, frosti, sólskini, ryki, reyki, óþef og lyktarsterkum efnum.

III. KAFLI

Reglur um mjólkurhús.

33. gr.

- 33.1. Við fjós, sem byggð verða eftir að reglugerð þessi tekur gildi, skal vera mjólkurhús til mjólkurkælingar og þrifa á mjaltaútbúnaði, sem fullnægir kröfum þessa kafla.
- Sömu kröfur gilda um fjós, þar sem kæligeymir (bæjartankur) eða mjaltavélar eru í notkun; þó er heilbrigðisnefnd að höfðu samráði við dýralækni, heimilt að veita mjólkurframleiðendum, sem hafa færri en 10 kýr og engan kæligeymi, frest til 1. janúar 1979 til þess að fullnægja ákvæðum þessa kafla.
- Aðrir mjólkurframleiðendur mega með leyfi heilbrigðisnefndar, að fenginni umsögn mjólkurstöðvarstjóra, nota annað rými í stað sérstaks mjólkurhúss áfasts við fjós, enda sé það ekki notað í öðru skyni og uppfylli a. ö. l. sömu kröfur og mjólkurhús.
- 33.2. Mjólkurhús skulu byggð áfast við fjósið eða vera hluti af fjósbyggingu, en þó þannig, að ekki sé beint samband við fjós heldur gangur á milli (tvennar dyr).
- 33.3. Mjólkurhús skulu þannig staðsett, að ekki berist í þau óþefur t. d. frá votheysgeymslum og mykjuhaugum. Umhverfi þess skal haldið hreinlegu og

steinsteypst stétt eða malarborið hlað skal vera fyrir framan þá hlið, sem dyr eru á.

33.4. Mjólkurhús skulu vera björt og svöl með fullnægjandi loftræstingu.

Veggir og loft skulu máluð eða lögð flísum eða öðru hliðstæðu efni og gólf vatnshelt með góðu niðurfalli.

33.5. Í mjólkurhúsi á að vera rennandi heitt og kalt ómengað vatn (sbr. gr. 28.1.) til þvotta á mjaltaáhöldum og mjólkurilátum, til handþvotta og kælingar mjólkur. Þar á að vera stór, tvískipt þvottalaug úr plasti eða öðru tilsvarendi efni, ásamt nauðsynlegum hreinsiefnum, einnota handþurrkum úr pappír, svo og sótthreinsiefnum.

33.6. Mjólkurhús má **einungis** nota til þess að sía, kæla og geyma mjólkina og þvo og geyma mjólkurilát og mjaltavélar. Lyf og mjaltaklæði skulu geymd í lokuðum skápum.

33.7. Mjólkurhúsum skal haldið vel hreinum og þau varin fyrir rottum, músum, flugum, hundum og köttum, og þar má ekki geyma aðra hluti en þá, sem notaðir eru við mjólk og mjaltir og við ræstingu slíkra hluta. Hafa skal flugnanet á hinum opnanlegu gluggum mjólkurhúsa. Dyrum skal ávallt lokað til að verjast mengun.

33.8. Vegur að mjólkurhúsi skal vera traustur, þrífalegur og haganlegur fyrir mjólkurbifreið, og ekki má fjóshaugur renna yfir veginn eða að honum. Fjóshaugur skal vera að minnsta kosti 10 metra frá mjólkurhúsi.

34. gr.

34.1. Mjólkurilát, mjaltavélar og mjólkurleiðslur skulu vandlega hreinsuð og síðan sótthreinsuð, svo fljótt sem verða má eftir notkun eða tæmingu og síðan varin vel fyrir öllum óhreinindum fram að næstu notkun. Þau skulu hreinsuð og sótthreinsuð með efnum og aðferðum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

34.2. Mjólkurbrúsar skulu sóttir strax, þegar þeir koma á brúastöðul, hreinsaðir og sótthreinsaðir tafarlaust og látnir þorna fyrir næstu notkun. Brúsa og mjaltafötur á að geyma eftir hreinsun á hvolfi, hengd upp á vegg eða studd af einu röri (grind) í mjólkurhúsinu, eða á annan fullnægjandi hátt.

34.3. Aðalhreinsun mjaltavéla með sundurtekningu skal framkvæma eigi sjaldnar en einu sinni í viku.

35. gr.

35.1. Áhöld og tæki, sem koma í snertingu við mjólk, skulu vera úr efnum, sem ekki geta mengað mjólkina, svo sem áli, ryðfriú stáli, gleri, plasti eða plastgleri, sérstöku gúmmí eða öðru, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir.

IV. KAFLI

Reglur um mjólkurflutninga.

36. gr.

36.1. Dæling mjólkur úr kæligeymi eða brúsum í flutningageymi, svo og dæling úr flutningageymi í mjólkurstöð, skal fara fram á svo hreinlegan og tryggilegan hátt, að mjólkinn geti ekki orðið fyrir neinni óhreinun, sem rýri gæði hennar og hollustu.

Eigi má dæla mjólk úr bæjargeymi í flutningageymi fyrstu $\frac{1}{2}$ klst. eftir mjaltir og aldrei heitari mjólk en 7°C.

36.2. Dæluhús mjólkurbifreiðar skal gert eins þétt og frekast er unnt. Þéttingar á hurðum skulu ávallt vera heilar og þær endurnýjaðar eftir þörfum.

- 36.3. Fyllsta hreinlætis skal gætt við mjólkurdælu bifreiðar, einkum þar sem stútnum er stungið ofan í mjólkina í geyminum. Skal stúturinn skolaður í bunu af hreinu vatni, bæði á undan og eftir dælingu mjólkur.
- 36.4. Óheimilt er að dæla mjólk úr brúsum í flutningageymi úti við þjóðveg, nema brúsar séu í vatns- og rykþétu skýli, sem viðurkennt sé af hlutaðeigandi héraðsdýralækni. Krafa um slíkt skýli gildir þó ekki fyrir mjólkurframleiðendur, sem hafa rafkælda mjólkurgeyma, en verða þó, ef veður eða snjóar hamla heimkeyrslu, að flytja mjólk í brúsum í veg fyrir mjólkurbifreið.
- 36.5. Þegar tekið er mjólkursýni til flokkunar eða gerlarannsóknar, skal það tekið með sótthreinsuðu áhaldi, beint úr geymi eða brúsa, áður en dæling fer fram, en ekki úr dælukerfi mjólkurbifreiðar.
- 36.6. Gæta skal þess vel, að hið eitraða vélargas mjólkurbifreiðar fylli ekki fjós og mjólkurhús meðan á dælingu stendur.
- 36.7. Eftir tæmingu flutningageymis í mjólkurstöð eða annars staðar skal geymir bifreiðar, svo og allur dælabúnaður, hreinsaður og sótthreinsaður tafarlaust á tryggilegan hátt.
- 36.8. Við mjólkurflutninga skal eftir megni varast að láta mjólkina verða fyrir gæðarýrandi áhrifum, svo sem hækkun hitastigs með óþarfa töfum og seinagangi í ferðum.
- 36.9. Mjólkurbifreiðum skal haldið vel hreinum, hvort sem þær eru að flytja mjólkurilátin tóm eða full, og eigi má mjólkurbifreið samtímis brúsum flytja vörur, sem lykt og óþrifnaður stafar af fyrir mjólkurilátin, heldur aðeins hreinlegan smávarning í traustum umbúðum og því aðeins, að hann sé vel aðskilinn frá mjólkurilátunum.
- 36.10. Ekki má flytja mjólk í brúsum, sem ryðgaðir eru að innan, eða dældaðir að ráði eða að öðru leyti gallaðir.

37. gr.

- 37.1. Við flutning mjólkur milli geyma, t. d. dælingu úr bæjargeymi í flutningageymi og móttöku og innvigtun mjólkur í mjólkurstöð, mega aðeins þeir vinna, sem fengið hafa rækilega tilsögn hjá viðkomandi mjólkurbúi, eftir þeim reglum, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins setur.
- 37.2. Mjólkurbílstjórar skulu fylgja settum reglum við starf sitt, nota gúmhanska, þar sem mesta hreinlætis er þörf, og vera klæddir vinnufötum úr þvott hæfu efni.
- 37.3. Við dælingu og innvigtun mjólkur mega þeir ekki starfa, sem eru veikir eða grunur leikur á, að haldnir séu þeim næmum sjúkdómum, sem taldir eru upp í 26. grein eða umgangast daglega fólk með slíka kvilla eða eru með næman húðsjúkdóm, óhrein sár, graftarkýli á höndum, handleggjum eða í andliti eða kvilla, sem fylgir útferð í eyrum, augum, nefi eða koki. Telji starfsmaður sig haldinn einhverjum slíkum kvilla, skal hann gera vinnuveitanda sínum aðvart um það, og skal sá þegar í stað veita honum lausn frá starfi um stundarsakir og fyrirskipa honum að leita læknis.

Heilbrigðisnefnd getur, að fenginni skoðun og umsögn læknis, sett mann í starfsbann, sem þannig er komið fyrir.

V. KAFLI

Reglur um meðferð og vinnslu mjólkur í mjólkurstöðvum.

38. gr.

- 38.1. Mjólkurstöðvar skulu byggðar úr steinsteypu eða öðru traustu efni, rúmgóðar, bjartar og vel loftræstar. Gólf skulu vera vatnsheld og slétt með góðu niður-

falli. Veggir og loft skulu vera slétt og máluð í ljósum litum eða veggir lagðir flísum eða öðru samsvarandi efni.

- 38.2. Lofti, gólfi og veggjum skal ávallt haldið vel hreinum. Húsakynni mjólkurstöðvar skulu varin flugum, músum, rottum og öðrum meindýrum og einnig öllum húsdýrum.
- 38.3. Í mjólkurstöð skulu vera hæfilega mörg og vel umgengin salerni ásamt snyrtiherbergi, fatageymslu og aðstöðu fyrir starfsmenn til að fá sér það eftir vinnudag. Viðunandi aðstaða skal vera til fataskipta.
- 38.4. Vatn, sem notað er til hreinsunar tækja og véla, skal vera hreint og ómengað.
- 38.5. Þar sem hringrásarkerfi er notað við hreinsun véla og tækja, skulu þau opnuð eða tekin í sundur og skoðuð a. m. k. tvisvar á ári.
- 38.6. Staðsetning mjólkurstöðvar og umhverfi skal vera viðurkennt af Heilbrigðis-
eftirliti ríkisins. Umhverfi stöðvarinnar á að vera hreinlegt og ryklaust, malar-
borið eða steyp tlað og vegir, en grasvellir umhverfis.

39. gr.

- 39.1. Mjólkurstöðvar skulu flokka alla mjólk frá framleiðendum a. m. k. einu sinni í viku, og skal flokkun a. m. k. einu sinni í mánuði fara fram á mánudegi.
- 39.2. Þar sem í notkun eru brúsar og vatnskæling, skal mjólkin flokkuð í 3 flokka eftir litrófun Bartels og Orla Jensen (reduktaseprufa).
1. flokkur: aflitun eftir meira en $4\frac{1}{2}$ tíma.
 2. flokkur: aflitun á $2-4\frac{1}{2}$ tímum.
 3. flokkur: aflitun á minna en 2 tímum.
- 39.3. Fyrir mjólk, sem sótt er með tankbílum gildir eftirfarandi:
- I. Af mjólk, sem framleidd er á mjólkursölusvæði, þar sem meira en 50% af árlega innvegnu mjólkurmagni fer beint til neyslu, skal taka sýni til gerlaræktunar og talningar vikulega hjá hverjum framleiðanda. Rækta skal gerlana á P.C.-agar við 30°C í 2 sólarhringa og mjólkursýnin síðan flokkuð í 3. flokka með gerlatalningu.
 1. flokkur 0 til 500 000 gerlar pr. ml.
 2. flokkur 500 000 til 1 000 000 gerlar pr. ml.
 3. flokkur 1 000 000 og fleiri gerlar pr. ml.
 - II. Á öðrum svæðum skal heimilt í stað heildargerlatalningar að nota forhitaða litrófun (preinkubert reduktaseprufa). Skulu sýnin þá forhitað 1 vatns-
baði í 18 tíma við 12°C og síðan flokkuð í 3 flokka eftir litrófun Bartels og Orla Jensen.
 1. flokkur: aflitun eftir meira en 3 tíma.
 2. flokkur: aflitun á $1-3$ tímum.
 3. flokkur: aflitun á minna en 1 tíma.
- 39.4. Mjólk frá hverjum framleiðanda, sem fer í II. og III. flokk, skal verðfelld um eftirfarandi lágmarksprósentu eftir fjölda prufa, sem lendir í þessum flokkum.

Flokkur.	Fjöldi prufa í mánuðinum í hverjum flokki			
	1	2	3	4
II.	1.0%	3.0%	6.0%	10.0%
III.	5.0%	12.0%	21.0%	32.0%

Samanlögð prósentu flokkanna skal gilda sem verðfelling fyrir allt mjólkurmagn mánaðarins frá viðkomandi framleiðanda. Verðfelling pr. ltr. eða kg mjólkur skal reiknuð af grundvallarverði 1. janúar ár hvert og gilda allt árið.

- 39.5. Sé ógerilsneydd mjólk, sem ætluð er sem neyslumjólk, flutt á milli mjólkurstöðva, skal hún flokkuð á ný í þeirri stöð, sem tekur hana til gerilsneyðingar.
- 39.6. Brúsamjólk, sem flokkast í 3. flokk, má ekki selja sem neyslumjólk, hvorki hráa né gerilsneydda. Þá skulu mjólkursendingar þess framleiðanda prófaðar svo oft sem hægt er, uns breyting verður á til batnaðar.
- 39.7. Mjólkurstöðvarstjórar skulu mánaðarlega senda skýrslu til Heilbrigðiseftirlits ríkisins um flokkun mjólkur í 2. og 3. flokk frá hverjum einstökum framleiðanda í hverri viku. Einnig skal tilgreina magn innveginna mjólkur mjólkurstöðvarinnar.
- Þá skulu mjólkurstöðvarstjórar gera á 6 mánaða fresti (haust og vor) yfirlit yfir flokkun mjólkur frá framleiðendum og gera sérstaka skýrslu yfir þá, sem fallið hafa í flokki við 5. hverja prófun eða oftar. Skulu stöðvarstjórar senda viðkomandi héraðsdýralæknum þessa skýrslu og fela þeim að leita orsakanna fyrir slæmri flokkun og reyna að koma á gagnangerum umbótum hjá viðkomandi framleiðendum, sbr. enn fremur 56. gr. 1., 57. gr. 2.
- 39.8. Um áramót skulu mjólkurstöðvarstjórar senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins skýrslu um þá mjólkurframleiðendur sem hafa hætt framleiðslu mjólkur, og nýja framleiðendur, sem gengið hafa í samlagið.

40. gr.

- 40.1. Mjólk, sem ætluð er til sölu sem neyslumjólk, má ekki vera eldri en 36 klukkustunda, þegar hún berst mjólkurstöð, þar sem mjólk er vatnskæld og flutt í brúsum, en 65 klukkustunda gömul þar sem rafkæling er í notkun. Ef mjólkin er gerilsneydd strax og hún berst viðkomandi mjólkurstöð og kæld vel á eftir (í 1—4°C), má hún þó vera allt að 12 tímum eldri.
- 40.2. Sé mjólk flutt á milli stöðva, skal hún gerilsneydd eigi síðar en 18 tímum eftir móttöku í fyrri mjólkurstöðinni.
- 40.3. Víkja má frá ákvæðum um hámarksaldur mjólkur vegna veðurs og ófærðar, enda sé ákvæðum 39. gr. um 3. flokks mjólk fylgt engu að síður.
- 40.4. Óheimilt er að forhita eða tvígerilsneyða mjólk, nema til komi leyfi Heilbrigðiseftirlits ríkisins, að fenginni umsögn hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda.

41. gr.

- 41.1. Tæki þau, sem notuð eru í mjólkurstöð til gerilsneyðingar mjólkur og rjóma, skulu hafa hlotið viðurkenningu Heilbrigðiseftirlits ríkisins.

42. gr.

- 42.1. Áður en mjólk er gerilsneydd í mjólkurstöð, skal hún hreinsuð í hreinsiskilvindu eða öðrum síubúnaði, sem Heilbrigðiseftirlit ríkisins viðurkennir, hvort sem mjólkin er ætluð til drykkjar eða vinnslu.

43. gr.

- 43.1. Strax að lokinni gerilsneyðingu, skal kæla neyslumjólk niður í 1—6°C og geyma hana við það hitastig.

44. gr.

- 44.1. Mjólk og mjólkurvörur, sem seldar eru í lokuðum umbúðum skulu greinilega auðkenndar með heiti vörunnar.
- 44.2. Tilgreina skal, ef um gerilsneydda mjólkurvöru er að ræða, hvaða dag sala er heimil í síðasta lagi (dagsetning, dagstimplun) sbr. 48. gr.

- 44.3. Á dósnum með seyddri mjólk skal tilgreina, hve miklu vatni þarf að blanda í innihald dósarinnar, til þess að það samsvari efnahlutföllum eðlilegrar kúamjólkur. Þess skal og getið á umbúðum, ef mjólkin er sykruð.
- 44.4. Á dósinni skal vera skráð nafn framleiðanda, framleiðslustaður og nettóþyngd vörunnar.

45. gr.

- 45.1. Seydda mjólk, dauðhreinsaða mjólk og dauðhreinsaðan rjóma má ekki geyma, bjóða til sölu eða selja, nema í umbúðum, sem eru algjörlega loftþéttar.

46. gr.

- 46.1. Ekki má geyma mólk eða mjólkurvöru í ílátum úr tré eða öðrum efnum, sem geta mengað vöruna, ekki heldur í gölluðum ílátum, t. d. ryðguðum brúsum, og ekki má nota slík tæki eða áhöld við vinnslu vörunnar. Ílát og tæki mega ekki vera verulega dæluð eða beygluð og þau skulu þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau.
- 46.2. Til lokunar eða þéttunar á mjólkurílátum má ekki nota efni, sem heldur í sér mjólk eða vatni, t. d. gúmsvamp. Lokið á mjólkurílátum, brúsum og geymum, skal vera þannig, að það taki út yfir barmana.

VI. KAFLI

Reglur um útsölustaði og sölu mjólkur og mjólkurvöru.

47. gr.

- 47.1. Í sölustöðum mjólkur skal vera kælibúnaður, þar sem viðkvæm mjólkurvara er geymd við 1—6°C, þar til og á meðan sala fer fram, a. ö. l. skal um sölustaði mjólkur fylgt ákvæðum heilbrigðisreglugerðar frá 8. febr. 1972 um meðferð og sölu matvæla og annarrar neysluvöru, gr. 164—169.

Kæligeymslan skal taka minnst áætlað 1 dags sölumagn búðarinnar af mjólkurvöru, og skal þá miðað við söluhæsta dag vikunnar.

- 47.2. Ekki má geyma mjólk eða mjólkurvörur með varningi, sem getur óhreinkað hana eða spillt henni með lykt eða á annan hátt.
- 47.3. Ytri umbúðir um mjólk og mjólkurvörur, sem notaðar eru oftast en einu sinni, eins og t. d. mjólkurkassar og mjólkurgrindur, er óheimilt að nota í öðru skyni.

48. gr.

- 48.1. Eigi má selja mjólk eða mjólkurvöru aðra en skyr í lausri vigt, nema hún sé auðkennd með heiti vörunnar, sbr. gr. 44.1., 2. og 3.
- 48.2. Fljótandi, ósýrðar mjólkurvörur, svo sem neyslumjólk, rjóma, undanrennu og kakómjólk, má ekki selja síðar en á 3. degi eftir gerilsneyðingu. Þó getur heilbrigðisnefnd, að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins leyft, að seld sé mjólk, þótt lengra hafi liðið frá gerilsneyðingu hennar, þegar sérstaklega stendur á, svo sem á fyrsta degi eftir hátfíðir og helgidaga, að því tilskildu, að mjólkin hafi verið geymd í öruggum kæli lokunartímann.
- 48.3. Sýrðar mjólkurvörur, svo sem súrmjólk og jógurt, má ekki selja síðar en á 7. degi frá gerilsneyðingu.

49. gr.

- 49.1. Ógerilsneydda mjólk má ekki selja í sölubúðum, né nota í veitingastöðum eða veitingahúsum, né í opinberum stofnunum svo sem heilsuhælum, barnaheimilum, skólum, elliheimilum eða öðrum mótuneytum og stofnunum, nema fengið sé leyfi heilbrigðisnefndar og með samþykki Heilbrigðiseftirlits ríkisins, enda

verði við framkvæmd slíkrar undanþágu farið nákvæmlega eftir fyrirmælum áðurnefndra eftirlitsaðila. Slík leyfi þarf að endurnýja árlega, sbr. enn fremur 55. gr. 1.

Sama gildir um mjólk framleidda á eigin búum stofnana.

VII. KAFLI

Eftirlit með starfsfólki við mjólkuriðnað.

50. gr.

- 50.1. Um fólk, sem vinnur á útsölustöðum mjólkur og við mjólkuriðnað, gilda almennar reglur í samræmi við heilbrigðisreglugerð nr. 45 frá 1972, einkum 37. grein og 164.—196. grein, um allt er viðkemur hreinlæti og hollustuháttum, næmum sjúkdómum og læknisskoðun og því um líku.

VIII. KAFLI

Mjólk óhæf til sölu.

51. gr.

- 51.1. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk eða mjólkurvöru úr kúm með sjúkdóma, sem spillt geta mjólkinni eða borist með henni í fólk.
- 51.2. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru úr kúm, sem fóðraðar hafa verið á fóðurtegundum, sem spillt geta mjólkinni með bragði, lykt eða eiturefnum.
- 51.3. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru úr kúm, sem gefin eru lyf, sem geta mengað mjólkina t. d. fúkkalyf (penicillin o. fl.) og súlfalyf, stórir skammtar af kynhormónum. Sömuleiðis úr kúm, sem eru yxna og kúm, sem eru með súrdoða á háu stigi eða eru undir áhrifum sterkra súrdoðalyfja, svo sem hormónalyfja og chlorali hydras.
- 51.4. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í er slíkt magn af tini, zinki, antimoni, kadmium, eir, nikkel, járn og áli, að talið er hættulegt heilsu manna. Sama gildir og um önnur efni, sem talin eru hættuleg heilsu manna.
- 51.5. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í er gróftur, graftarsýklar eða aðrir sýklar hættulegir heilbrigði manna.

52. gr.

- 52.1. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem blönduð hefur verið broddmjólk eða mjólk úr nýbörnum kúm, ef hún er enn blönduð broddi.
- 52.2. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk úr kúm, sem eru að verða geldar og mjólka minna en 1 lítra á dag. Þá skal prófa með brómtymólpappír, hvort einstakir spenar eru með geldmjólk.
- 52.3. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem hleypur, þegar hún er soðin eða blönduð að jöfnum rúmmálum með þynntum vínanda, sem eru 68% af aethylalkóhóli miðað við rúmmál.
- 52.4. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem af er súrbragð, nema varan hafi verið sýrð með hreinræktuðum gerlum og auðkennd með tilliti til þess.
- 52.5. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, ef útlit, bragð og lykt er svo óeðlilegt, að varan sé miður hæf eða óhæf til neyslu.
- 52.6. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í eru sýnileg óhreinindi eða óeðlilega mikið af gerlum, sem spillt geta vörunni.
- 52.7. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólkurvöru, sem gerð hefur verið úr skemmdri mjólk.

- 52.8. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem rjóminn hefur verið skilinn frá að nokkru eða öllu leyti, ef varan er ekki auðkennd og seld sem undanrenna eða fituskert mjólk.
- 52.9. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem í hefur verið blandað vatni, ís eða undanrennu. Þetta ákvæði nær þó eigi til dauðhreinsaðrar mjólkur, sem hituð er með U.H.T. aðferð, þ. e. blönduð vatni um stund. (sbr. 11. gr.).
- 52.10. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk og mjólkurvöru, sem í hefur verið blandað öðrum efnum en þeim, sem viðurkennd eru af heilbrigðisyfirvöldum. Þegar sett hefur verið reglugerð um viðbótarefni í mat, þá skal farið með mál þessi eftir ákvæðum hennar.
- 52.11. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, sem í hefur verið blandað mjólk úr öðrum dýrum en kúm, og mjólkurvöru, sem að einhverju eða öllu leyti var framleidd úr mjólk úr öðrum dýrum en kúm, nema þess sé sérstaklega getið á umbúðum vörunnar.
- 52.12. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu gerilsneydda mjólk, ef eóligerlar finnast í 0.1 ml í tveimur rannsóknum af fimm úr sama sýnishorni, eða eru finn-anlegir í 0.01 ml.
- 52.13. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu gerilsneydda mjólk ef gerlafjöldi hennar er meiri en 50 000 í ml.
- 52.14. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu smjör, sem ekki er unnið í vikurkenndri mjólkurstöð (böggla-smjör, heimatilbúið smjör), nema með leyfi heilbrigðisnefndar, enda hafi hún samráð um það við viðkomandi héraðsdýralækni.
- 52.15. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu ógerilsneydda mjólk, rjóma eða undanrennu, án leyfis heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits ríkisins, sbr. gr. 49.1. og 55.1.
- 52.16. Óheimilt er að selja samsetta mjólk, nema sem hluta af breyttri mjólk.
- 52.17. Óheimilt er að selja breytta mjólk, nema sérstaklega standi á, sbr. 18. gr. 2.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði um framkvæmd eftirlits.

53. gr.

- 53.1. Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu mjólkurkúa og þrifalegri umgengi í fjósum, þar sem framleidd er sölumjólk (sbr. lög nr. 31/1970 um dýralækna og erindisbréf dýralækna nr. 197/1971 4. gr.). Ráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef henta þykir, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.
- 53.2. Héraðsdýralæknir skal framkvæma þetta eftirlit árlega hjá hverjum framleiðanda sölumjólkur og afhenda honum að því loknu vottorð um skoðunina, ef hann telur að fullnægt sé þeim skilyrðum, um heilbrigði nautgrípa, húsakost, mjaltaaðstöðu, umgengni og aðra aðstöðu til framleiðslu sölumjólkur, sem sett eru í reglugerð þessari.
- 53.3. Gildistími þessa vottorðs er þar til næsta skoðun fer fram. Enginn má framleiða mjólk til sölu, nema hann hafi slíkt vottorð í fullu gildi.
- 53.4. Dýralæknisvottorð vegna mjólkursölu skal skrifa á eyðublöð, sem yfirdýralæknir lætur í té.

54. gr.

- 54.1. Þyki dýralækni svo áfátt um heilbrigði mjólkurkúa, húsakost og umgengni, eða mjólkinni svo spillt í meðferð, að hætta geti stafað af fyrir neytendur, t. d. ef nokkrar kýr eru með bráða jógurbólgu, allar kýrnar með næma veiruskitu, eða kýrnar sýktar á spenum af kúabólu eða ef sýndur er áberandi sóðaskapur við mjaltir, þá skal hann þegar í stað stöðva sölu mjólkur frá því kúabúi.

- 54.2. Í slíkum tilvikum skal héraðsdýralæknir tafarlaust hafa samband við hlutað-eigandi mjólkurstöðvarstjóra og krefjast þess að hætt verði móttöku mjólkur frá viðkomandi kúabúi um stundarsakir.
- 54.3. Stöðvarstjóri er skylt að taka þessa kröfu til greina, og tilkynnir hann framleiðanda tafarlaust sölubannið með símskeyti eða ábyrgðarbréfi.
- 54.4. Héraðsdýralæknir skal tilkynna viðkomandi mjólkursamlagi þessa ákvörðun um sölubann með bréfi.
- 54.5. Héraðsdýralæknir skal tafarlaust leita staðfestingar á ákvörðun sinni um sölubann hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd.
- 54.6. Heilbrigðisnefnd ákveður að undangenginni endurtekinni skoðun fjóss og mjólkurkúa, og að fenginni umsögn héraðsdýralæknis, hvenær mjólkurframleiðanda skuli á ný leyfð mjólkursala.
- 54.7. Nú finnur héraðsdýralæknir við fjósa- og kúaskoðun, að aðstaða mjólkurframleiðanda svarar ekki ákvæðum reglugerðar og dæmir fjós hans, hreinlætis-ástand þess eða jógurhreysti kúnna óviðunandi, skal hann þá krefjast úrbóta.
- 54.8. Héraðsdýralæknir metur í hverju tilfelli ástandið og veitir tímabundinn frest til úrbóta. Héraðsdýralæknir skal tilkynna viðkomandi heilbrigðisnefnd um ákvörðun sína.
- 54.9. Veiti héraðsdýralæknir tímabundinn frest til úrbóta, skal hann afhenda viðkomandi mjólkurframleiðanda skoðunarvottorð, er veiti honum heimild til sölu mjólkur til bráðabirgða.
- Á því skal tekið skýrt fram, hverra brýnna úrbóta hann telur þörf og hve langur frestur er veittur til lagfæringar.
- 54.10. Heilbrigðisnefnd er heimilt að veita framleiðanda frekari fresti í slíkum málum, að fenginni umsögn héraðsdýralæknis, ef veigamiklar ástæður hafa tafið framkvæmd á lagfæringu framleiðsluskilyrða svo sem langvinn veikindi aðila eða náttúruhamfarir. Einnig ef um er að ræða breytingu á búnaðarháttum, innan tiltekins tíma, með algjörri stöðvun mjólkurframleiðslu, en þó eigi lengur en 6 mánuði.
- 54.11. Skylt er héraðsdýralækni að senda viðkomandi mjólkurstöð afrit af slíku tímabundnu skoðunarvottorði og heilbrigðisnefnd ef hún veitir mjólkurframleiðanda frekari frest til úrbóta (skv. 54.9).
- 54.12. Telji heilbrigðisnefnd að afstaðinni skoðun héraðsdýralæknis ástand í fjósi hjá mjólkurframleiðanda með öllu óviðunandi og í engu sinnt ítrekuðum kröfum hans um úrbætur, skal hún loka fyrir sölu mjólkur frá honum. Hún skal hafa fullt samráð við yfirdýralækni, áður en til slíkra ráðstafana er gripið.
- Yfirdýralæknir skal tilkynna slíka endanlega ákvörðun viðkomandi mjólkurstöð og Heilbrigðiseftirliti ríkisins.
- 54.13. Framleiðanda sölumjólkur er skylt að leyfa opinberum eftirlitsmönnum aðgang að kúabúi sínu til skoðunar, hvenær sem óskað er, hvort sem um er að ræða reglubundið eftirlit eða skoðun af gefnu tilefni. Þeir eftirlitsmenn, sem koma til greina eru: Héraðsdýralæknir, sérلærður eftirlitsmaður eða mjólkurstöðvarstjóri viðkomandi mjólkurstöðvar, fulltrúar heilbrigðisnefndar og Heilbrigðiseftirlits ríkisins.
- 54.14. Nú neitar framleiðandi eftirlitsmanni um leyfi til skoðunar og skal þá eftirlitsmaður samstundis kæra það til viðkomandi sýslumanns og heilbrigðisnefndar staðarins og krefjast þess, að mjólkurstöðin stöðvi móttöku mjólkur frá viðkomandi framleiðanda um stundarsakir.
- 54.15. Að lokinni fjósaskoðun um áramót skulu héraðsdýralæknar semja yfirlitsskýrslu um fjósaskoðun og jógursjúkdóma mjólkurkúa á eyðublöð, er yfirdýralæknir lætur þeim í té, og skal skýrslan send yfirdýralækni, Heilbrigðiseftirliti ríkisins og viðkomandi mjólkurstöð fyrir 1. júlí ár hvert.

54.16. Í skýrslunni skal getið í samræmi við fjósaskoðunarvottorð dýralækna:

- a) kúabúa, sem eru í 1. flokki,
- b) kúabúa, sem eru í 2. flokki, með mjólkurhús,
- c) kúabú í 2. flokki, sem hafa ekkert eða óviðunandi mjólkurhús,
- d) kúabúa með fjós í 3. flokki,
- e) kúabúa, sem selja mjólk beint til neytenda.

54.17. Héraðsdýralæknar skulu senda Heilbrigðiseftirliti ríkisins afrit af fjósaskoðunarvottorðum næstliðins árs fyrir 1. ágúst ár hvert, og skal yfirdýralæknir hafa greiðan aðgang að þeim.

Sömulleiðis er héraðsdýralækni skylt að afhenda viðkomandi mjólkurstöð jafnóðum afrit fjósaskoðunarvottorða.

54.18. Mjólkurframleiðandi greiði samkvæmt „Gjaldskrá fyrir dýralækna“ fyrir hina árlegu kúaskoðun.

54.19. Nauðsynlegar aukaskoðanir að mati héraðsdýralæknis greiðist af ríkissjóði.

55. gr.

55.1. Þar sem framleiðandi hefur undanþáguheimild til að selja ógerilsneydda mjólk í skóla, hæli, barnaheimili, sumardvalarheimili, veitingastaði (sbr. gr. 49.1.), eða þar sem skóli eða hæli nota mjólk úr eigin kúabúi, skal hlutaðeigandi héraðsdýralæknir skoða kýr og fjós mánaðarlega, og eigi skal hann veita samþykki til mjólkursölu beint úr fjósi, nema því aðeins að hreinlætis- og framleiðslu- aðstaða fjóssins geti talist 1. flokks og öll umgengni og heilbrigði kúnna sé í besta lagi.

55.2. Ef héraðsdýralæknir umdæmisins getur ekki annað mánaðarlegu eftirliti sökum fjarlægðar eða samgönguerfiðleika, getur hann falið öðrum dýralækni eða heilbrigðisnefnd, eða eftirlitsmönnum á vegum hennar, í samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og yfirdýralækni, að líta eftir hreinlæti á framleiðslustað mánaðarlega. Slik undanþága leysir þó ekki dýralækni frá þeirri skyldu að skoða fjós og kýr hjá þeim framleiðendum minnst fjórum sinnum á ári og og gefa lögboðið dýralæknisvottorð árlega.

55.3. Þegar framleiðandi mjólkur sækir um, til mjólkurstöðvar, að fá að selja mjólk í stöðinni, eða framleiðandi óskar að byrja mjólkursölu að nýju eftir hlé í 1 ár eða lengur, þá er mjólkurstöðinni óheimilt að kaupa af honum mjólk, fyrr en héraðsdýralæknir hefur skoðað hjá honum fjós og kýr og alla hreinlætis- aðstöðu og viðurkennt það hæft til mjólkursölu.

56. gr.

56.1. Héraðsdýralæknar skulu hafa reglubundið eftirlit með mjólkurstöðvum; hver í sínu umdæmi (sbr. lög nr. 31/1970, 8. gr., og erindisbréf dýralækna nr. 197/1971), en þar með eru talin öll mjólkurflutningatæki stöðvanna, hreinsun þeirra og umgengni. Skulu þeir líta vel eftir öllu, sem lýtur að mjólkurflutningum, dælingu og innvigtun mjólkur, hreinsun kæligeyma, flutningageyma og ræstingu mjólkurbifreiða. Sérstaklega skulu þeir fylgjast með dælubúnaði mjólkurbifreiðanna, sem hættast er við óhreinkun.

57. gr.

57.1. Eftirlit héraðsdýralæknis skv. 56. gr. 1., leysir ekki heilbrigðisnefndir og Heilbrigðiseftirlit ríkisins undan eftirlitsskyldum sínum í sambandi við mjólkurframleiðslu og -iðnað, fremur en aðra matvælaframleiðslu og -iðnað, í samræmi við lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 12/1969 svo og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972.

- 57.2. Ef ástæða þykir til, má fela um lengri eða skemmri tíma áðurnefndum heilbrigðiseftirlitsaðilum eftirlit það, sem um getur í 56.1., samkv. úrskurði Heilbrigðiseftirlits ríkisins og í samráði við yfirdýralækni.
- 57.3. Heilbrigðisnefndir skulu sjá um að tekin séu og send til rannsóknar sýni af mjólk og mjólkurvörum á ýmsum stigum framleiðslu, flutnings, vinnslu og dreifingar, eins og þurfa þykir, með aðstoð heilbrigðisfulltrúa eða dýralæknis eftir atvikum.
- 57.4. Kostnaður við töku og sendingu mjólkursýna greiðist úr sveitarsjóði, en rannsókn mjólkursýna, sem send eru af heilbrigðisnefndum, héraðsdýralæknum eða heilbrigðiseftirlitsmönnum í opinbera, viðurkennda rannsóknastofu, greiðist úr ríkissjóði.

X. KAFLI

Viðurlög og málsmeðferð.

58. gr.

- 58.1. Fyrir brot gegn mjólkurreglugerð þessari eða fyrirmælum gefnum samkv. henni, skal refsa með sektum eða varðhaldi, ef sakir eru miklar.
- 58.2. Sinni aðili ekki innan tiltekins frests fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið dagsektir allt að kr. 2 000.00. Dagsektir renna í sveitarsjóð. Vanræki einhver að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað skv. reglugerð þessari, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeiganda.
- Kostnað og dagsektir má innheimta með lögtaki.

59. gr.

- 59.1. Með brot gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

XI. KAFLI

Undanþágur.

60. gr.

- 60.1. Heilbrigðisnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins og yfirdýralæknis.
- 60.2. Komi upp ágreiningur milli einstakra eftirlitsaðila má vísa málum til heilbrigðismálaráðherra, sem hefur þar úrslitavald.

XII. KAFLI

Gildistaka.

61. gr.

- 61.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 24 frá 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, og að höfðu samráði við Landbúnaðarráðuneytið hvað snertir þá þætti, sem dýralæknar eiga að sjá um, og öðlast þegar gildi við birtingu.

61.2. Úr gildi falla reglugerð nr. 157 frá 4. sept. 1954 um mjólk og mjólkurvörur ásamt síðari breytingum nr. 247/1963 og 259/1969 og reglur nr. 217 frá 22. des. 1960 um eftirlit með neyslumjólk í heimavistarskólum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 4. september 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.

29. ágúst 1973.

Nr. 270.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Búðardalsár, Skarðsströnd.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Búðardalsár, Skarðsstrandarhreppi, Dalasýslu. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Búðardalsár, en þær eru Hvalgrafir, Tindar, Búðardalur I, Búðardalur II, Barmur og Hvarfsdalur.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, og að leigja það til stangarveiði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár, og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í júnímánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.